

MARS 2025

Samningur
milli

BBA Fjeldco ehf.
(sem veðgæsluaðila)

Skaga hf.
(sem útgefanda)

í þágu
skuldabréfaeigenda SKAGA 16 1
(sem skuldabréfaeigendur)

VEÐGÆSLUSAMNINGUR
vegna skuldabréfaflokks SKAGA 16 1 að fjárhæð kr. 2.500.000.000

SAMNINGUR ÞESSI er gerður þann 6. mars 2025 á milli:

- (1) Skaga hf., kt. 690689-2009, kt. 690689-2009, Ármúla 3, 108 Reykjavík (**útgefandi**); og
- (2) BBA Fjeldco ehf., kt. 610819-0950, Katrínartúni 2, 105 Reykjavík (**veðgæsluaðili**);
í þágu
- (3) eigenda skuldabréfa útgefnum skv. skuldabréfaflokknum VIS 16 1 eins og þeir eru á hverjum tíma (**skuldabréfaeigendur**).

hér eftir sameiginlega nefndir „**aðilar**“ eða hver um sig „**aðili**“

BAKGRUNNUR

- (A) Útgefandi er útgefandi víkjandi skuldabréfa skv. skuldabréfaflokknum SKAGI 16 1 (VIS 16 1), að upphaflegri fjárhæð kr. 2.500.000.000 (**skuldabréfaflokkurinn**).
- (B) Í tengslum við yfirfærslu váttryggingastofns og váttryggingareksturs til VÍS trygginga hf., kt. 670112-0470, hafa VÍS tryggingar hf. gefið út víkjandi skuldabréf, að fjárhæð kr. 2.500.000.000 (uppreiknað m.v. 31.12.2024 kr. 3.766.931.189), sem speglar skilmála skuldabréfaflokksins að öllu verulegu leyti (**víkjandi skuldabréfið**).
- (C) Ákvæði víkjandi skuldabréfsins um vexti og verðtryggingu eru samhljóða skilmálum skuldabréfaflokksins, þ.e. 5,25% fastir ársvextir sem hækka um 1,0% þann 28. febrúar 2026. Vaxtagjalddagar víkjandi skuldabréfsins eru tveir, þann 1. mars og 1. september hvert ár, og endurspegla vaxtagjalddaga skuldabréfaflokksins. Þá er grunnvísitala víkjandi skuldabréfsins 428,46667.
- (D) Útgefandi hefur undirritað yfirlýsingu um veðsetningu á öllum kröfum sínum á hendur VÍS tryggingum hf. samkvæmt víkjandi skuldabréfinu til tryggingar skuldbindingum skv. skuldabréfaflokknum, sbr. viðauki 1 við samning þennan (**veðskjalið**).
- (E) Veðsetningin er umfram kröfur sem gerðar eru samkvæmt skilmálum skuldabréfaflokksins og er ekki ætlað veita skuldabréfaeigendum aukinn rétt en leiðir af skuldabréfaflokknum, veðskjalinu og samningi þessum.
- (F) Útgefandi hefur heimild til að greiða upp skuldabréfaflokkinn í samræmi við skilmála hans eftir 1. mars 2026. Ekkert í þessum samningi skal standa í vegi fyrir því að útgefandi endurfjármagni víkjandi skuldabréfið og nýti andvirði þess til uppgreiðslu á skuldabréfaflokknum.
- (G) Útgefandi hefur falið veðgæsluaðila að hafa umsjón með tryggingunni fyrir hönd skuldabréfaeigenda og framfylgja sameiginlegum ákvörðunum sem skuldabréfaeigendur taka á grundvelli samnings þessa og skilmálana í tengslum við trygginguna.
- (H) Með samningi þessum er kveðið á um sameiginleg veðréttindi, veðvörslu, umboð og ákvarðanatöku í tengslum við framangreinda löggæringu.

UMSAMDIR SKILMÁLAR:

1 VEÐRÉTTINDI

Allar kröfur samkvæmt skuldabréfaflokknum eru tryggðar með fjárkröfum útgefanda á hendur VÍS tryggingum hf. á grundvelli veðskjalsins og skal veðgæsluaðili halda á, varðveita og gæta

trygginganna fyrir hönd skuldabréfaeigenda í samræmi við skilmála þessa samnings og skilmála veðskjalsins.

2 JAFNHLIÐA RÉTTHÆÐ KRAFNA

- 2.1 Kröfur samkvæmt skuldabréfaflokknum eru jafn réttháar (*pari passu*) og njóta jafnrar stöðu gagnvart tryggingum sem veittar eru með veðskjalinu.
- 2.2 Andvirði hins veðsetta skv. veðskjalinu skal greitt skuldabréfaeigendum án ástæðulausra tafa í réttum hlutföllum (*pro rata*) af útistandandi kröfum skv. skuldabréfaflokknum. Hlutfall greiðslu skal taka mið af heildarfjárhæð skuldabréfaflokksins á þeim degi sem fjármunum er ráðstafað til skuldabréfaeigenda.

3 HEIMILDIR ÚTGEFANDA

- 3.1 Hvorki samningur þessi né veðskjalið takmarka heimildir útgefanda til þess að:
- (a) breyta, frá og með 1. mars 2026, gjalddögum og/eða heimila uppgreiðslu víkjandi skuldabréfsins fyrr en skilmálar víkjandi skuldabréfsins bera með sér eða endurfjármagna það, að því gefnu að andvirði sem veðsali fær í hendur verði nýtt til greiðslu til skuldabréfaeigenda skv. skuldabréfaflokknum, að því marki sem heimilt er skv. skilmálum skuldabréfaflokksins;
 - (b) selja/framselja, frá og með 1. mars 2026, víkjandi skuldabréfið til þriðja aðila að því gefnu að andvirði sem veðsali fær í hendur verði nýtt til greiðslu til skuldabréfaeigenda skv. skuldabréfaflokknum, að því marki sem heimilt er skv. skilmálum skuldabréfaflokksins;
 - (c) ráðstafa greiðslum sem veðsali móttækur á grundvelli víkjandi skuldabréfsins;
 - (d) gera þær breytingar á víkjandi skuldabréfinu sem fjármálaeftirlit Seðlabanka Íslands eða annar eftirlitsaðili krefst skv. lögum eða reglum; og
 - (e) rafrænt skrá víkjandi skuldabréfið og/eða skrá og taka víkjandi skuldabréfið til viðskipta á skipulegum markaði.
- 3.2 Verðmæti sem veðsali fær í stað víkjandi skuldabréfsins samkvæmt ákvæðum (a) og (b) hér að ofan verða veðsett skuldabréfaeigendum. Sé veðsala ekki heimilt að nýta andvirðið til greiðslu til skuldabréfaeigenda skv. skilmálum skuldabréfaflokksins skal veðsala heimilt að fjárfesta andvirðinu í skráðum verðbréfum til að hámarka ávöxtun þar til fyrirframgreiðsla eða uppgreiðsla er heimil. Vörslusafn veðsala verður þá veðsett til tryggingar kröfum skuldabréfaeigenda þar til uppgreiðsla er heimil.

4 SAMRÁÐSFUNDIR SKULDABRÉFAEIGENDA

- 4.1 Breytingar á samningi þessum eða veðskjalinu fara eftir skilmálum skuldabréfaflokksins sem gilda um breytingar á skilmálum hans, þ.e. breytingar eru háðar samþykki útgefanda, fjármálaeftirlits Seðlabanka Íslands og 2/3 skuldabréfaeigenda (að fjárhæð en ekki höfðatölu) á fundi skuldabréfaeigenda.

- 4.2 Við útreikning skal miða við stöðu krafna á þeim degi sem boðar er til fundar og litið á þá sem ekki gefa upp afstöðu sína eða mæta ekki á fund skuldabréfaeigenda, sem þeir hafi gefið vilyrði sitt fyrir þeirri tillögu sem útgefandi leggur fyrir fundinn.
- 4.3 Til fundarins skal boðað með sama hætti og hluthafafundi útgefanda.
- 4.4 Útgefanda ber að tilkynna Nasdaq CSD um hvers kyns breytingar á skilmálum hinna útgefnu skuldabréfa.

5 VEDGÆSLUAÐILI

- 5.1 Veðgæsluaðili samþykkir að taka að sér hlutverk veðgæsluaðila samkvæmt samningi þessum.
- 5.2 Veðgæsluaðili skal sinna þeim verkefnum sem kveðið er á um í þessum samningi í þágu skuldabréfaeigenda og sinna hlutverki sínu á sama hátt og sýna sömu aðgæslu og ef um hans eigin hagsmuni væri að ræða.
- 5.3 Veðgæsluaðili telst ávallt gæta hagsmuna allra skuldabréfaeigenda þegar hann framkvæmir ákvarðanir sem hafa verið teknar sameiginlega af skuldabréfaeigendum í samræmi við grein 4.
- 5.4 Veðgæsluaðili skal meðal annars:
- (a) varðveita veðskjalið, þ. á m. öll frumrit sem fylgja veðskjalinu og/eða þessum samningi;
 - (b) hafa umsjón með hvers konar uppfærslu og/eða breytingu á veðskjalinu;
 - (c) afhenda veðskjalið eftir fyrirmælum skuldabréfaeigenda í samræmi við grein 4.
- 5.5 Veðgæsluaðili er heimilt að miðla til annarra aðila þessa samnings öllum þeim upplýsingum og gögnum sem veðgæsluaðili telur sig hafa fengið vegna hlutverks síns sem veðgæsluaðili samkvæmt samningi þessum.
- 5.6 Veðgæsluaðili getur farið fram á að honum séu veitt fyrirmæli eða að hann fái nánari skýringar á hvers konar leiðbeiningum eða fyrirmælum, sem hann hefur fengið frá skuldabréfaeigendum, um það hvort veðgæsluaðili skuli beita tilteknum réttindum (eða láta hjá líða að beita þeim) og þá með hvaða hætti þeim skuli beitt. Veðgæsluaðili er heimilt að láta hjá líða að grípa til aðgerða þar til hann hefur fengið slík fyrirmæli eða skýringar enda komi fram skriflega ósk um slíkt frá veðgæsluaðila.
- 5.7 Móttaki veðgæsluaðili greiðslur vegna trygginganna, skal veðgæsluaðili varðveita fjármuni skuldabréfaeigenda á sérstökum vörslureikningi, sem er aðskilinn fjármunum veðgæsluaðila.
- 5.8 Veðgæsluaðili er heimilt, á kostnað útgefanda, að útvista hluta af skyldum sínum til umboðsaðila eða eftir atvikum óska eftir aðstoð annarra sérfræðinga sem hann telur þörf á við framkvæmd starfa sinna samkvæmt samningi þessum.
- 5.9 Veðgæsluaðili er hvorki heimilt né skylt að koma fram fyrir skuldabréfaeigendur í dómsmáli nema að ákvörðun þess efnis sé tekin af skuldabréfaeigendum í samræmi við grein 4 og samþykkt af veðgæsluaðila.
- 5.10 Veðgæsluaðili getur sagt sig frá starfsskyldum sínum skv. samningi þessum með skriflegri tilkynningu þess efnis með a.m.k. eins (1) mánaða fyrirvara. Uppsögn veðgæsluaðila á samningi þessum skal send skuldabréfaeigendum með sannanlegum hætti. Skuldabréfaeigendur skulu

leitast við að samþykkja nýjan veðgæsluaðila eins fljótt og auðið er en fram að því skal veðgæsluaðili áfram sinna starfsskyldum sínum.

6 ÁBYRGÐ VEÐGÆSLUAÐILA

- 6.1 Veðgæsluaðili ber ekki ábyrgð á tjóni sem kann að verða vegna aðgerða hans eða aðgerðaleyfis nema tjónið sé valdið af ásetningi eða stórkostlegu gáleysi. Veðgæsluaðili ber ekki ábyrgð á óbeinu tjóni skuldabréfaeigenda.
- 6.2 Veðgæsluaðili ábyrgist ekki að unnt sé að innheimta kröfur á hendur útgefanda eða að tryggingin dugi fyrir kröfum samkvæmt skuldabréfaflokknum. Veðgæsluaðila ber ekki skylda til að staðreyna eða kanna hvort útgefandi efni skyldur sínar samkvæmt skilmálunum skuldabréfaflokksins.
- 6.3 Veðgæsluaðili skal aldrei verða skaðabótaskyldur vegna þess að veðandlag rýrnar á gildistíma samnings þessa nema slík rýrnun sé bein afleiðing af ásetningi eða stórkostlegu gáleysi veðgæsluaðila.
- 6.4 Engum samningsaðila skal vera heimilt að höfða dómsmál gegn einstökum starfsmönnum veðgæsluaðila eða umboðsmönnum hans vegna krafna sem viðkomandi samningsaðili gæti átt á hendur veðgæsluaðila vegna athafna eða athafnaleysis viðkomandi starfsmanns eða umboðsmanns veðgæsluaðila og sem tengist samningi þessum eða tryggingunni. Telji samningsaðili að hann eigi kröfu vegna brots veðgæsluaðila á skyldum sínum samkvæmt samningi þessum verður hann því að beina kröfu sinni einungis gegn veðgæsluaðila sjálfum.
- 6.5 Ábyrgð veðgæsluaðila gagnvart samningsaðilum, vegna beins tjóns eða kostnaðar sem rekja má til hlutverks veðgæsluaðila samkvæmt samningi þessum, skal ekki undir neinum kringumstæðum verða meiri en sem nemur þeirri fjárhæð sem ábyrgðartrygging veðgæsluaðila nær til. Af framangreindu leiðir að ábyrgð veðgæsluaðila getur aldrei verið hærri en sem nemur þeirri fjárhæð sem samþykkt kann að verða á grundvelli ábyrgðartryggingarinnar. Framangreind ábyrgðartakmörkun á þó ekki við ef um er að ræða stórkostlegt gáleysi, ásetning eða svik af hálfu veðgæsluaðila.

7 TILKYNNINGAR

- 7.1 Öll samskipti og tilkynningar af skulu vera skriflegar og sendar með tölvupósti á tengiliði útgefanda eða veðgæsluaðila.

Útgefandi:

Skagi hf.

Ármúla 3, 108 Reykjavík

b.t. Brynjars Þórs Hreinssonar

brynjar@skagi.is

Veðgæsluaðili:

BBA Fjeldco ehf.
Katrínartún 2, 105 Reykjavík
b.t. Söru Rutar Sigurjónsdóttur
sara@bbafjeldco.is

- 7.2 Sendandi ber sönnunarbyrði fyrir því að slíkar tilkynningar hafi komist til viðtakanda.
- 7.3 Allar breytingar á tengiliðum skulu tilkynntar þegar í stað.

8 TRÚNAÐUR OG ÝMIS ÁKVÆÐI

- 8.1 Veðgæsluaðili er skylt að gæta fyllsta trúnaðar um hvaðeina sem hann verður áskynja um í störfum sínum á grundvelli samningsins, nema fyrir liggi skýr lagaákvæði eða úrskurður þar til bærs stjórnvalds eða dómstóls sem skylda hann til að láta af hendi slíkar upplýsingar. Trúnaðarskyldan helst eftir að veðgæsluaðili lætur af störfum. Trúnaðarskyldan tekur ekki til upplýsingagjafar veðgæsluaðila sem honum er nauðsynleg til að vinna verk sín samkvæmt samningnum.
- 8.2 Samningur þessi skal halda gildi sínu þar til allar skuldbindingar samkvæmt skuldabréfa-flokknum eru að fullu uppgerðar eða samningnum hefur verið slitið.
- 8.3 Um efni samnings þessa skulu gilda íslensk lög og skal Héraðsdómur Reykjavíkur fara með lögsögu við úrlausn ágreinings sem rísa kann vegna þess.

(Síðasta blaðsíða fyrir viðauka og undirritunarsíðu)

VIÐAUKI 1
YFIRLÝSING

UM VEÐ Í ALMENNUM FJÁRKRFUM

samkvæmt 45. og 46. gr. laga nr. 75/1997 um samningsveð

Skagi hf.

Nafn útgefanda/veðsala

690689-2009

Kennitala

Ármúla 3

Heimilisfang

108 Reykjavík

Staður

Til tryggingar skilvísri og skaðlausri greiðslu útgefanda samkvæmt víkjandi skuldabréfaflokknum SKAGI 16 1 (áður VIS 16 1) að upphaflegri fjárhæð kr. 2.500.000.0000, dags. 20. júlí 2016, er skuldabréfaeigendum, eins og þeir eru á hverjum tíma (**veðhafa**), hér með settar að veði með 1. veðrétti:

Allar fjárkröfur veðsala á hendur VÍS tryggingum hf., kt. 670112-0470, á grundvelli víkjandi skuldabréfs útgefnu af VÍS tryggingum til útgefanda, dags. 1. janúar 2025, að fjárhæð kr. 2.500.000.000 (uppreiknað m.v. 31.12.2024 kr. 3.766.931.189), sbr. viðauki I við yfirlýsingu þessa (**víkjandi skuldabréfið**)

Veðrétturinn nær til allra krafna veðsala sem tengjast víkjandi skuldabréfinu, þar með talið vaxta og verðbóta af kröfunum.

BBA Fjeldco ehf., kt. 610819-0950, kemur fram sem veðgæsluaðili f.h. veðhafa (**veðgæsluaðili**) skv. veðgæslusamningi við útgefanda, dags. á sama eða svipuðum degi og yfirlýsing þessi (**veðgæslusamningurinn**).

Stjórn VÍS trygginga hf. skal tilkynnt um veðsetningu þessa. Form af tilkynningu til VÍS trygginga er að finna í viðauka II (*Tilkynning um veð í kröfuréttindum*).

Veðsali lýsir því yfir að á hinum veðsettu kröfum hvíla engin veðbönd eða fyrirvarar um eignarrétt annarra. Kröfur samkvæmt víkjandi skuldabréfinu mynda grunn að útreikningi gjaldþols VÍS trygginga hf. og lúta því að kröfum fjármálaeftirlits Seðlabanka Íslands og lögum nr. 100/2016, m.a. hvað varðar heimildir til uppgreiðslu og frestun vaxtagreiðslu. Allar heimildir fjármálaeftirlitsins til íhlutunar vegna víkjandi skuldabréfsins gilda því jafnframt um veðsetningu þessa.

Við gjaldþrot eða slit útgefanda er veðgæsluaðila f.h. veðhafa heimilt að ganga að veðinu og þar með ganga alfarið inn í réttindi veðsala í heild eða hluta, að vali veðgæsluaðila, fyrirvaralaust og án aðvörunar, þ.m.t. að krefjast greiðslu á, innheimta og veita viðtöku og fullnusta (með hvaða hætti sem er, þ.m.t. með því að höfða dómsmál í nafni veðsala) hvers kyns fjármuni sem greiðast skulu samkvæmt eða í tengslum við hið veðsetta, og ráðstafa slíkum fjármunum til niðurgreiðslu hinna veðtryggðu skuldbindinga í samræmi við ákvæði veðgæslusamningsins.

Veðsetning þessi gildir meðan þær skuldbindingar sem veðið á að tryggja eru ógreiddar. Þrátt fyrir veðsetninguna er veðsala frjálst að ráðstafa greiðslum sem veðsali móttækur á grundvelli víkjandi skuldabréfsins með þeim takmörkunum sem leiða af veðgæslusamningnum.

Til veðsetningar þessarar er stofnað með heimild í 45. og 46. gr. laga nr. 75/1997 um samningsveð.

Rísi mál út af yfirlýsingu þessari eða veðsetningu skal reka það fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur. Um yfirlýsingu þessa gilda íslensk lög.

VIÐAUKI I

SKILMÁLAR VÍKJANDI SKULDABRÉFS
útgefnu af VÍS tryggingum hf.
þann 1. janúar 2025

skv. ákvæði 3.3 í kaupsamningi um váttryggingastarfsemi og váttryggingastofn milli
Váttryggingafélags Íslands hf. og VÍS trygginga hf.

ALMENNAR UPPLÝSINGAR		
1.	Útgefandi	VÍS tryggingar hf., kt. 670112-0470, Ármúla 3, 108 Reykjavík, („útgefandi“).
2.	Skuldabréfaeigendur	Eigendur skuldabréfsins á hverjum tíma, sem geta framvísað fullnægjandi staðfestingu á eignarhaldi skuldabréfsins („skuldabréfaeigendur“). Ef skuldabréfið verður rafrænt skráð telst eignaskráning hjá verðbréfamiðstöð skráðum eiganda lögformlega heimild fyrir þeim réttindum sem hann er skráður að. Skagi - Váttryggingafélag Íslands hf., kt. 690689-2009, Ármúla 3, 108 Reykjavík („Skagi“), er eini skuldabréfaeigandi bréfsins við útgáfu þess.
3.	Tilefni útgáfu	Skagi er móðurfélag útgefanda. Í tengslum við endurskipulagningu á samstæðu Skaga hyggst Skagi að framselja váttryggingastarfsemi sína, þ.á m. váttryggingastofn, auk allra hluta Skaga í Líftryggingafélagi Íslands hf., til útgefanda. Sem endurgjald í viðskiptunum mun útgefandi gefa út víkjandi skuldabréf til Skaga, að útistandandi fjárhæð sem samsvarar eftirstöðvum núverandi víkjandi skuldabréfs Skaga, að upphaflegri höfuðstólsfjárhæð kr. 2.500.000.000, í samræmi við skilmála sem lýst er í bréfi þessu.
SKULDABRÉFIÐ		
4.	Tegund bréfs	Vaxtagreiðslubréf, gefin út til rúmlega 21 árs með einum gjalddaga höfuðstóls í lokin. Vextir reiknast frá fyrsta vaxtadegi skuldabréfanna og greiðast á <i>vaxtagjalddögum</i> , fyrst á <i>fyrsta vaxtagjalddaga</i> og síðast á <i>lokagjalddaga</i> .
5.	Gjaldmiðill	Íslenskar krónur (ISK).
6.	Höfuðstóll	ISK 2.500.000.000,-. Uppreiknaður höfuðstóll með áföllnum vöxtum og verðbótum skv. lið 9 og 14 er kr. 3.766.931.189 m.v. 31. desember 2024.
7.	Útgáfudagur	1. janúar 2025.

8.	Lokagjalddagi	28. febrúar 2046. Endurgreiðsla skuldabréfsins á lokagjalddaga skal þó vera háð samþykki fjármálaeftirlits Seðlabanka Íslands.
9.	Vextir	5,25% fastir ársvextir. Framangreindir vextir skulu hækka um 100 (eitt hundrað) punkta (1,00%) 28. febrúar 2026 og verða þá 6,25% fastir ársvextir. Verðbótum er bætt við höfuðstól áður en vextir eru reiknaðir út. Nánar tiltekið reiknast vextir á skuld af skuldabréfi þessu samkvæmt eftirfarandi formúlu: Greiddir vextir = Vextir x (dagvísitala á greiðsludegi / grunnvísitala) x höfuðstóll.
10.	Fyrsti vaxtadagur	Fyrsti vaxtadagur skal vera sami dagur og <i>útgáfudagur</i> .
11.	Fyrsti vaxtagjalddagi	1. mars 2025.
12.	Vaxtagjalddagar	Tveir (2) gjalddagar á ári, 1.mars og 1. september ár hvert, fyrst á <i>fyrsta vaxtagjalddaga</i> .
13.	Vaxtaregla	30E/360
14.	Verðtrygging	Skuldabréfið verður verðtryggt miðað við vísitölu neysluverðs, sem gefin er út af Hagstofu Íslands. Grunnvísitala skuldabréfsins mun vera <i>dagvísitalan</i> þann 29. febrúar 2016, sem var 428,46667. Höfuðstóll skuldabréfsins breytist í hlutfalli við breytingar á dagvísitölunni frá grunnvísitölu til þess dags sem skuldin skv. skuldabréfinu hefur verið greidd upp að fullu. Nánar tiltekið reiknast verðbættur höfuðstóll skuldabréfa skv. eftirfarandi formúlu: Verðbættur höfuðstóll = Verðbótastuðull x Upphaflegur höfuðstóll Ef dagvísitalan á uppgjörssdegi er lægri en grunnvísitalan, þá skal höfuðstóll skuldar skv. skuldabréfinu samt sem áður nema upphaflegum höfuðstól skuldarinnar.
15.	Verðbótastuðull	$\text{Verðbótastuðull} = \frac{\text{Dagvísitala uppgjörssdags}}{\text{grunnvísitala}}$
16.	Dagvísitala	Dagvísitala reiknast línulega skv. eftirfarandi reiknireglu: Viðmiðunartala fyrir fyrsta daginn í mánuði m er NEY (vísitala neysluverðs) tveimur mánuðum áður (m-2); til dæmis er viðmiðunartalan fyrir 1. maí NEY fyrir marsmánuð. Viðmiðunin fyrir einhvern annan dag í mánuði m reiknast línulega milli NEY fyrir mánuðinn m-2 og NEY einum mánuði áður (m-1) skv. eftirfarandi reiknireglu:

		$\text{Dagvísitala} = \text{NEY}_{m-2} + \left[\frac{d-1}{D} \times (\text{NEY}_{m-1} - \text{NEY}_{m-2}) \right]$ Þar sem: NEY_{m-1} er NEY fyrir fyrsta daginn í mánuði m-1, NEY_{m-2} er NEY fyrir fyrsta daginn í mánuði m-2, d er mánaðardagur uppgjörs, D er fjöldi daga í uppgjörsmánuði, Dagaregla við útreikning miðast við <i>vaxtaregluna</i>.
17.	Námundun	Dagvísitalan, þ.m.t. grunnvísitalan, námundast með fimm aukastöfum. Sama regla á við um verðbótastuðulinn.
18.	Greiðslustaður	Greiðslustaður skal vera á heimilisfangi skuldabréfaeiganda. Verði skuldabréfin rafrænt skráð og/eða tekin til á skipulegum markaði mun útgefandi, með milligöngu verðbréfamiðstöðvar, greiða af skuldabréfinu höfuðstól, verðbætur og vexti á gjalddaga til þeirra reikningsstofnana þar sem skráðir eigendur skuldabréfanna hafa VS-reikning (með VS-reikningi er átt við verðbréfareikning í skilningi laga nr. 7/2020, um verðbréfamiðstöðvar, uppgjör og rafræna eignarskráningu fjármálagerninga). Viðkomandi reikningsstofnanir annast endanlegar greiðslur inn á reikninga skuldabréfaeigenda.
SKILMÁLAR SKULDABRÉFSINS		
19.	Staða í réttindaröð	Kröfur skuldabréfaeigenda samkvæmt skuldabréfinu skulu á hverjum tíma vera jafn réttháar (<i>pari passu</i>) öðrum ótryggðum víkjandi skuldbindingum útgefanda, öðrum en kröfum og skuldbindingum sem samkvæmt lögum njóta forgangs umfram aðrar ótryggðar víkjandi skuldbindingar.
20.	Víkjandi skuld	Kröfur samkvæmt skuldabréfinu eru víkjandi og skulu víkja fyrir öllum kröfum á hendur útgefanda eins og nánar er tilgreint í skuldabréfi þessu. Við gjaldþrot eða slit útgefanda endurgreiðist krafa um greiðslu samkvæmt skuldabréfinu á eftir öllum almennum kröfum, samhliða kröfum samkvæmt öðrum víkjandi skuldum en á undan kröfum til endurgreiðslu hlutafjár og öðrum kröfum sem njóta sömu rétthæðar (<i>pari passu</i>) og kröfur um endurgreiðslu hlutfjár.
21.	Heimild til uppgreiðslu	Útgefanda er hvenær sem er heimilt, án sérstaks gjalds og að fengnu samþykki fjármálaeftirlits Seðlabanka Íslands, að greiða höfuðstól og vexti skuldabréfanna upp í heild, en ekki að hluta, fyrir gjalddaga ef skuldabréfið myndar ekki grunn að útreikningi gjaldþols útgefanda, s.s. að mati/úrskurði dómstóla, fjármálaeftirlits Seðlabanka Íslands eða annarra opinberra eftirlitsaðila, t.d. með vísan til XIV. kafla laga nr. 100/2016, um váttryggingastarfsemi, eins og lögin eru við útgáfu skuldabréfsins og eins og þeim kann að vera breytt síðar. Útgefandi skal senda tilkynningu um uppgreiðslu til

		skuldabréfaeigenda með skriflegum hætti með minnst eins mánaðar fyrirvara. Útgefanda er hvenær sem er heimilt, án sérstaks gjalds og að fengnu samþykki fjármálaeftirlits Seðlabanka Íslands, að greiða skuld skv. skuldabréfinu upp að hluta eða í heild frá og með 1. janúar 2035. Útgefandi skal senda tilkynningu um innágreiðslu eða uppgreiðslu til skuldabréfaeigenda með skriflegum hætti með minnst eins mánaðar fyrirvara. Innágreiðslur og uppgreiðsla skv. framangreindri heimild skulu fara fram á vaxtagjalddögum skuldabréfsins. Útgefanda er óheimilt, að öðru leyti en að framan greinir, að greiða höfuðstól eða vexti skuldabréfsins upp að hluta eða í heild fyrir gjalddaga þess nema með samþykki útgefanda, skuldabréfaeigenda og fjármálaeftirlits Seðlabanka Íslands.
22.	Viðtökudráttur	Ef skuldabréfaeigendur veita greiðslu ekki viðtöku í samræmi við ákvæði skuldabréfsins skal útgefandi ekki greiða verðbætur af viðkomandi greiðslu frá gjalddaga til þess dags þegar skuldabréfaeigendur veita viðkomandi greiðslu viðtöku.
23.	Frestun vaxtagreiðslu	Útgefanda er heimilt hvenær sem er að fresta greiðslu vaxta skv. skuldabréfinu. Þá er útgefanda heimilt hvenær sem er að inna af hendi vaxtagreiðslu, að hluta eða í heild, sem frestað hefur verið. Frestaðar vaxtagreiðslur bera enga vexti og eru ekki verðtryggðar. Allar vaxtagreiðslur sem frestað hefur verið í samræmi við framangreint, gjaldfalla og ber að greiða í eftirfarandi tilvikum: - Um leið og ákvörðun hefur verið tekin eða úrskurður eða dómur fallið um töku útgefanda til gjaldþrotaskipta eða slit útgefanda. - Um leið og ákvörðun hefur verið tekin um að útgefandi greiði arð, lækki hlutafé í útgefanda eða kaupi eigin hluti. - Um leið og heimild um innágreiðslu eða uppgreiðslu skv. skuldabréfinu er nýtt. Skylda útgefanda til greiðslu frestaðrar vaxtagreiðslu skal, þrátt fyrir framangreint, ekki vera til staðar á þeim tímapunkti ef i) útgefandi uppfyllir ekki ákvæði laga um gjaldþol eða mun ekki uppfylla þau ákvæði í kjölfar greiðslu frestaðrar vaxtagreiðslu, eða ii) útgefanda er skylt að fresta áfram greiðslu vaxta skuldabréfa þessara til að skuld skv. skuldabréfinu uppfylli skilyrði laga til að mynda grunn að útreikningi gjaldþols útgefanda. Skuldabréfaeigendur fá greiddar frestaðar vaxtagreiðslur við formleg slit útgefanda í sömu röð og aðrar kröfur á grundvelli

		skuldabréfsins, enda sé að öðru leyti innstæða fyrir slíkri útborgun í þrotabúi útgefanda þegar að útborgun úr þrotabúi kemur. Með gjaldþoli er átt við gjaldþol váttryggingafélaga eins og það er skilgreint og reiknað út á grundvelli ákvæða laga og reglugerða á hverjum tíma, m.a. XIV. kafla laga nr. 100/2016, um váttryggingastarfsemi.
24.	Gjaldfellingarheimildir:	Engar.
25.	Breytingar á skilmálum:	Breytingar á skilmálum skuldabréfaflokksins eru háðar samþykki útgefanda, fjármálaeftirlits Seðlabanka Íslands og 2/3 skuldabréfaeigenda (að fjárhæð en ekki höfðatölu) á fundi skuldabréfaeigenda. Við útreikning skal miða við stöðu krafna á þeim degi sem boðað er til fundar og litið skal á þá sem ekki gefa upp afstöðu sína eða mæta ekki á fund skuldabréfaeigenda, sem þeir hafi gefið vilyrði sitt fyrir þeirri tillögu sem útgefandi leggur fyrir fundinn. Til fundar skuldabréfaeigenda skal boðað með sama hætti og hluthafafundi í útgefanda. Útgefanda ber að tilkynna verðbréfamiðstöð um hvers kyns breytingar á skilmálum hinna útgefna skuldabréfa, ef þau eru rafrænt skráð eða tekin til viðskipta á skipulegum markaði.
ALMENN ÁKVÆÐI		
26.	Skattamál	Um skattalega meðferð skuldabréfanna fer samkvæmt gildandi skattalögum á hverjum tíma. Útgefandi mun ekki draga staðgreiðslu af vaxtatekjum skuldabréfanna og ábyrgist ekki að staðgreiðsluskatti sé haldið eftir, sbr. 1. mgr. 3. gr. laga nr. 94/1996 um staðgreiðslu skatts á fjármagnstekjur. Skuldabréfaeigendur bera sjálfir ábyrgð á staðgreiðslu fjármagnstekna sinna af skuldabréfunum. Sá aðili sem varslar skuldabréf fyrir skuldabréfaeiganda annast útreikning og staðgreiðslu af vaxtatekjum skuldabréfanna.
27.	Framsal	Framsal skuldabréfsins er heimilt, að hluta eða í heild, án samþykki útgefanda. Einungis er heimilt að framselja skuldabréfin til nafngreinds aðila. Eignaskráning rafbréfa hjá verðbréfamiðstöð veitir skráðum eiganda hennar lögformlega heimild fyrir þeim réttindum sem hann er skráður að. Er reikningsstofnunum eins og þær eru skilgreindar samkvæmt lögum nr. 7/2020 um verðbréfamiðstöðvar, uppgjör og rafræna eignarskráningu fjármálagerninga, einum heimilt að annast milligöngu um framsal á þeim. Greiðslur og tilkynningar eru sendar til þess aðila sem á hverjum tíma er skráður eigandi viðkomandi skuldabréfa. Engar aðrar hömlur eru á framsali skuldabréfsins.

28.	Skráning	Skuldabréfaeigendum er heimilt, hvenær sem er, skv. samþykki á fundi skuldabréfaeigenda, að óska eftir, því að skuldabréfin verði rafrænt skráð og/eða skráð og tekin til viðskipta á skipulegum markaði. Skal útgefandi hlutast til um að undirrita og framkvæma nauðsynlegar aðgerðir til þess að ná því fram.
29.	Fyrning	Um fyrningu krafna samkvæmt skuldabréfunum gilda lög nr. 150/2007 um fyrningu kröfuréttinda.
30.	Upplýsingaöflun	Til að tryggja réttindi skuldabréfaeigenda og upplýsingagjöf til þeirra skal útgefanda ávallt vera heimilt að afla upplýsinga um skráða skuldabréfaeigendur hverju sinni, hvort sem er hjá rekstraraðila markaðar eða annarra aðila sem halda utan um eignarhald skuldabréfsins.
31.	Upplýsingaskylda	Eigendur skuldabréfanna eiga rétt á því að fá aðgang að árs- og áshelmingsuppgjöri útgefanda þegar þau liggja fyrir. Ef útgefandi og/eða móðurfélag þess eru með verðbréf skráð á skipulegum markaði þá fá skuldabréfaeigendur umræddar upplýsingar á sama tíma og þegar þær liggja fyrir í fréttakerfi rekstraraðila markaðar þar sem verðbréf útgefanda eru skráð.
32.	Kostnaður	Útgefandi skal greiða allan kostnað og önnur gjöld af útgáfu skuldabréfsins, þ.m.t. og ekki takmarkað við kostnað við fundi skuldabréfaeigenda, rafræna skráningu bréfanna og/eða skráningu skuldabréfanna á skipulegum markaði.
33.	Lög og varnarþing	Um skuldabréfið skulu gilda íslensk lög. Rísi mál út af skuldabréfinu má reka þau fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur, samkvæmt ákvæðum 17. kafla laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála.

Reykjavík, 1. janúar 2025

F.h. útgefanda

VÍS Tryggingar hf.

DocuSigned by:

A8578F400EB04E0...
Guðný Helga Herbertsdóttir, forstjóri

Tilkynning um veð í kröfuréttindum

VÍS tryggingar hf.

Ármúla 3,
108 Reykjavík
B.t. forstjóra

Efni: Tilkynning um veð í kröfuréttindum.

Í samræmi við 46. gr. laga nr. 75/1997 um samningsveð tilkynnist hér með að Skagi hf., kt. 690689-2009 (**veðsali**) hefur veðsett skuldabréfaeigendum skv. skuldabréfaflokknum SKAGI 16 1 (**veðhöfum**) allar almennar fjárkröfur veðsala á hendur VÍS tryggingum hf., kt. 670112-0470, á grundvelli víkjandi skuldabréfs útgefnu af VÍS tryggingum hf., dags. 1. janúar 2025, að fjárhæð kr. 2.500.000.000 (uppreiknað m.v. 31.12.2024 kr. 3.766.931.189) (**víkjandi skuldabréfið**).

Veðrétturinn nær til allra krafna sem veðsali á eða kann að eignast á hendur VÍS tryggingum hf. á grundvelli víkjandi skuldabréfsins, þar með talið allra vaxta og verðbóta af kröfunum.


BBA Fjeldco ehf., kt. 610819-0950, kemur fram f.h. veðhafa skv. veðgæslusamningi við veðsala. Komi til fullnustu veðhafa á veðtryggðum skuldbindingum veðsala skal veðgæsluaðila vera heimilt að senda félaginu skriflega tilkynningu þess efnis að eftirleiðis skuli allar greiðslur vegna krafna sem veðsali á eða eignast á hendur félaginu vera greiddar inn á bankareikning sem veðgæsluaðili tilgreinir í tilkynningu sinni.

Yfirlýsing veðsala um veð í almennum fjárkröfum, dags. 5. mars 2025, fylgir tilkynningu þessari.

Vinsamlegast staðfestið móttöku þessarar tilkynningar og samþykki fyrir efni hennar með því að undirrita meðfylgjandi staðfestingu.

Reykjavík, 5. mars 2025

F.h. Skaga hf.

Signed by:

Haraldur Þórðarson, forstjóri

Staðfesting á móttöku tilkynningar um veðsetningu kröfuréttinda

Við höfum móttengið tilkynningu dags. 5. mars 2025 um veðsetningu allra almennra fjárkrafna sem Skagi hf. á eða eignast hendur VÍS tryggingum hf. á grundvelli víkjandi skuldabréfsins til tryggingar á öllum skuldum og skuldbindingum Skaga hf. við veðhafa og staðfestum að við höfum kynnt okkur efni hennar, yfirlýsingu um veð í almennum fjárkröfum og veðgæslusamninginn.

Reykjavík, 5. mars 2025

F.h. VÍS trygginga hf.

DocuSigned by:

A8578F490EB94E9...
Guðný Helga Herbertsdóttir, forstjóri

Öllu framangreindu til staðfestingar er skjal þetta undirritað af hálfu þess/þeirra aðila sem heimild hafa til þess að skuldbinda veðsala með fullgildri rafrænni undirritun eða með eiginhandarundirritun. Undirritaður gerir sér grein fyrir að rafræn undirritun jafngildir skriflegri undirritun skv. lögum um rafræna auðkenningu og traustþjónustu fyrir rafræn viðskipti nr. 55/2019 og er undirritun, ef rafræn, gerð í samræmi við þau lög. Kjósi aðilar að skrifa undir skjalið með rafrænum hætti verða allir þeir sem undirrita skjalið að undirrita með rafrænum hætti.

Reykjavík, 5. mars 2025

F.h. Skaga hf.

Signed by:

Haraldur I. Þórðarson

4985D66B0AE34D6...

e.u. Haraldur Þórðarson, forstjóri


SAMNINGUR ÞESSI tekur gildi á þeim degi sem tilgreindur er í upphafi hans.

Öllu framangreindu til staðfestingar er skjal þetta undirritað af hálfu þess/þeirra aðila sem heimild hafa til þess að skuldbinda aðila með fullgildri rafrænni undirritun eða með eiginhandarundirritun. Undirritaður gerir sér grein fyrir að rafræn undirritun jafngildir skriflegri undirritun skv. lögum um rafræna auðkenningu og traustþjónustu fyrir rafræn viðskipti nr. 55/2019 og er undirritun, ef rafræn, gerð í samræmi við þau lög. Kjósi aðilar að skrifa undir skjalið með rafrænum hætti verða allir þeir sem undirrita skjalið að undirrita með rafrænum hætti.

BBA FJELDCO EHF.

Signed by:
Undirskrift: 
Nafn: Sara Rut Sigurjónsdóttir
Staða: lögmaður og meðeigandi

SKAGI HF.

Signed by:
Undirskrift: 
Nafn: Haraldur Þórðarson
Staða: eftir umboði stjórnar